# Mánudagur 14. ágúst

## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Þvottabirnirnir (10)** (Raccoons). Bandarískur teiknimyndaflokkur. Leikraddir Hallur Helgason og Helga Sigríður Harðardóttir. Þýðandi Þorsteinn Þórhallsson.
18.15 **Ruslatunnukrakkarnir** (Garbage Pail Kids). Bandarískur teiknimyndaflokkur. Krakkahópur, sem breytt hefur útliti sínu með ótrúlegum hætti, lætur sér fátt fyrir brjósti brenna í baráttu sinni fyrir réttlæti. Þýðandi Þrándur Thoroddsen. Leikraddir Magnús Ólafsson.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.50 **Bundinn í báða skó** (Ever Decreasing Circles). Breskur gamanmyndaflokkur með Richard Briers í aðalhlutverki. Þýðandi Ólafur B. Guðnason.
19.20 **Ambátt** (Escrava Isaura). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Fréttahaukar** (Lou Grant). Bandarískur myndaflokkur um líf og störf á dagblaði. Aðalhlutverk Ed Asner, Robert Walden, Linda Kelsey og Mason Adams. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
21.20 **Samleikur á gítar og orgel.** Símon Ívarsson og Orthulf Prunner leika Vaknið, Síons verðir kalla (Wachet auf) eftir Bach. Upptakan er gerð í Dómkirkjunni í Reykjavík.
21.25 **Blómsveigur** (A Wreath of Roses). Bresk sjónvarpsmynd, gerð eftir samnefndri sögu eftir Elizabeth Taylor. Leikstjóri John Madden. Aðalhlutverk Trevor Eve og Joanna McCallum. Kona og maður kynnast er þau verða vitni að óhugnanlegu atviki á járnbrautarstöð. Þau ferðast síðan með sömu lest og áfangastaðurinn er sá sami. Hún er á leið til vinafólks síns en hann hyggst heimsækja æskuheimilið og vinna við skriftir. Þau dragast hvort að öðru en þegar frá líður grunar konuna að maðurinn sé ekki allur þar sem hann er séður. Þýðandi Örnólfur Árnason.
23.00 **Ellefufréttir og dagskrárlok.**



## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Olíukapphlaupið.** War of the Wildcats. Ósvikinn vestri þar sem fléttast saman ást, spenna og bardagar. Aðalhlutverk: John Wayne, Martha Scott og Albert Dekker.
19.19 **19:19.** Fréttum, veðri og þeim málefnum sem hæst ber hverju sinni gerð skil.
20.00 **Mikki og Andrés.** Þessar heimsþekktu teiknimyndapersónur höfða til allrar fjölskyldunnar.
20.30 **Kæri Jón. Dear John. Bandarískur framhaldsmyndaflokkur með gamansömu yfirbragði. Aðalhlutverk: Judd Hirsch, Isabella Hofmann, Jane Carr og Harry Groener.**
21.00 **Dagbók smalahunds.** Diary of a Sheepdog. Óviðjafnanlegur hollenskur framhaldsmyndaflokkur. Aðalhlutverk: Jo De Meyere, Ko van Dijk, Rudy Falkenhagen og Bruni Heinke. Leikstjóri: Willy van Hemert.
22.10 **Dýraríkið.** Wild Kingdom. Vandaðir dýralífsþættir.
22.35 **Stræti San Fransiskó.** The Streets of San Francisco. Bandarískur spennumyndaflokkur. Aðalhlutverk: Michael Douglas og Karl Malden.
23.25 **Morð í Canaan.** A Death in Canaan. Ung hjón ákveða að flytja frá borgarysnum í New York og fyrir valinu verður lítill bær, Canaan, í Connecticut. Allt virðist stefna í það að þetta verði hið mesta rólegheitalíf. Óhugnanlegur atburður verður til þess að bæjarbúar skiptast í tvær fylkingar og að hriktir í hjónabandinu. Aðalhlutverk: Stephanie Powers og Paul Clemens. Leikstjóri: Tony Richardson. Bönnuð börnum.

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Jón Bjarman flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Ingveldi Ólafsdóttur. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Fréttir á ensku að loknu fréttayfirliti kl. 7.30. Ólafur Oddsson talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Nýjar sögur af Markúsi Árelíusi eftir Helga Guðmundsson. Höfundur les (6). (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00. Áður flutt 1985.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn.** Lesið úr forustugreinum landsmálablaða.
9.45 **Búnaðarþátturinn** – Um starfsemi Félags hrossabænda. Árni Snæbjörsson ræðir við Halldór Gunnarsson, Holti, formann markaðsnefndar félagsins.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Húsin í fjörunni.** Hilda Torfadóttir. (Frá Akureyri)
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn** – Að lifa í trú. Umsjón: Margrét Thorarensen og Valgerður Benediktsdóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** Pelastikk eftir Guðlaug Arason. Guðmundur Ólafsson les (10).
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Einnig útvarpað nk. laugardagsmorgun kl. 6.01.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Gestaspjall** – Þetta ætti að banna. Það lágkúrulegasta í fari íslensku þjóðarinnar. Umsjón: Viðar Eggertsson (Endurtekinn þáttur frá fimmtudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin – Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Kína. Fylgst verður með kínverskri viku hjá börnunum í félagsmiðstöðinni Bústöðum. Umsjón: Sigríður Arnardóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Schumann, Schubert, Brahms og Webern.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Fyll'ann,** takk. Gamanmál í umsjá Spaugstofunnar. (Endurflutt frá laugardegi.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 4.40.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Ólafur Oddsson flytur.
19.37 **Um daginn og veginn.** Margrét Tómasdóttir, námsbrautarstjóri við Háskólann á Akureyri, talar.
20.00 **Litli barnatíminn:** Nýjar sögur af Markúsi Árelíusi eftir Helga Guðmundsson. Höfundur les (6). (Endurtekinn frá morgni. Áður flutt 1985.)
20.15 **Barokktónlist.**
21.00 **Aldarbragur** – Fatatíska fyrr og nú. Umsjón: Helga Guðrún Jónasdóttir. (Fyrsti þáttur endurtekinn frá föstudegi.) Lesari: Ólafur Haraldsson.
21.30 **Útvarpssagan:** Sæfarinn sem sigraði Ísland. Þáttur um Jörund hundadagakonung eftir Sverri Kristjánsson. Eysteinn Þorvaldsson les lokalestur (10).
22.00 **Fréttir.**
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.20 **Bardagar á Íslandi** – Eitt sinn skal hver deyja. Fyrsti þáttur af fimm um ófrið á Sturlungaöld. Umsjón: Jón Gauti Jónsson. Lesarar með honum: Erna Indriðadóttir og Haukur Þorsteinsson. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 15.03.)
23.10 **Kvöldstund í dúr og moll** með Knúti R. Magnússyni.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið:** Vaknið til lífsins! Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, maður dagsins kl. 8.15.
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.03 **Milli mála.** Arni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin. Hagyrðingur dagsins rétt fyrir þrjú og Veiðihornið rétt fyrir fjögur.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Guðrún Gunnarsdóttir, Þorsteinn J. Vilhjálmsson, Lísa Pálsdóttir og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Kristinn R. Ólafsson talar frá Spáni. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Íþróttarásin** – Íslandsmótið í knattspyrnu – 1. deild karla. Íþróttafréttamenn lýsa leik Fram og FH á Laugardalsvelli.
22.07 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt laugardags að loknum fréttum kl. 2.00.)
1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

### NÆTURÚTVARP

1.00 **Blítt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Lögun.** Snorri Guðvarðarson blandar. (Frá Akureyri) (Endurtekinn þáttur frá fimmtudegi á Rás 1.)
3.00 **Rómantíski róbótinn.**
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi mánudagsins.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá Rás 1 kl. 18.10.)
5.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
5.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
6.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
6.01 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00.

## 98·9 BYLGJAN

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist. Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðiþáttur Þrastar Elliðasonar, með viðtölum og fréttum af veiði.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið. Bibba í heimsreisu kl. 10.30.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu. Bibba í heimsreisu kl. 17.30.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. Umsjónarmaður er Arnþrúður Karlsdóttir.
19.00 **Snjólfur Teitsson. Þægileg tónlist í klukkustund.**
20.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög. Íþróttadeildin og talmálsliðir
24.00 **Næturdagskrá.** Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Stjarnan FM 102,2 & 104

9.00 **Gunnlaugur Helgason.** Nú er bara að taka saman tjaldið og svefnpokann. Fylgst með umferðinni.
14.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Stjórnar tónlistinni með duglegri hjálp hlustenda. Ný tónlist situr í fyrirrúmi. Spjallað við hlustendur, getraunir og leikir. Róleg tónlist kl. 18.10-19. Bibba í heimsreisu kl. 17.30.
19.00 **Kristófer Helgason.** Maður unga fólksins. Kveðjur og óskalög. og gamanmál.
24.00 **Næturstjörnur.** Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Rót ÚTVARP FM 106·8

9.00 **Rótartónar.**
11.00 **Neðanjarðargöngin 7-9-13. E.**
13.30 **Af vettvangi baráttunnar.** Gömlum eða nýjum baráttumálum gerð skil. E.
15.30 **Um Rómönsku Ameríku.** E.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
18.00 **Á mannlegu nótunum.** Flokkur mannsins.
19.00 **Bland í poka.** Tónlistarþáttur í umsjá Ólafs Hrafnssonar.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur. Umsjón: Bragi og Þorgeir.
21.00 **FRAT.** Tónlistarþáttur með Gauta Sigþórssyni.
22.00 **Hausaskak.** Þungarokksþáttur í umsjá Hilmars Þórs Guðmundssonar.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt** a la Ívar & Sigþór.

## EFF EMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Steinunn Halldórsdóttir.**
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.**
1.00– 7 **Páll Sævar Guðnason.**

## SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
14.45 **Sylvanians.** Teiknimyndasería.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
18.30 **Voyagers.** Spennumyndaflokkur.
19.30 **The Revengers.** Kvikmynd.
21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.30 **Boney.** Ævintýrasería.

## SKY MOVIES

13.00 **Jack and the Witch.**
14.35 **Noah's Animals.**
15.00 **Aurora Encounter.**
17.00 **Beach Party.**
19.00 **Red Sonia.**
21.00 **Aloha Bobby and Rose.**
22.30 **Commando.**
00.00 **The Hitchhiker.**
00.30 **The Bostonb Strangler.**
03.00 **Red Sonia.**

## EUROSPORT

9.30 **Bifhjólaíþróttir.**
10.30 **Hrossasýning í Dublin.**
11.30 **Golf.**
13.30 **Kappakstur.**
15.30 **Íþróttakynning Eurosport.**
16.00 **Bílasport.** Shell International Motor Sport.
17.00 **Sund.**
18.00 **Heimsleikar.**
19.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á helstu viðburði liðinnar viku.
20.00 **Bifhjólaíþróttir.**
21.00 **Box.**
22.00 **Sund.**

## SUPER CHANNEL

13.30 **Poppþáttur.**
14.30 **Hotline.**
16.30 **Poppþáttur.**
17.30 **Foley Square.**
18.00 **High Chaparral.** Vestraþáttur.
18.55 **Cassie og Co.** Sakamálaþáttur.
19.50 **Fréttir og veður.**
20.00 **Discovery Zone.**
21.00 **Discovery Zone.**
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**



**Joanna McCallum og Trevor Eve í hlutverkum sínum í mánudagsleikriti sjónvarpsins.**

### Sjónvarp kl. 21.25:

# Blómsveigur

Sjónvarpsleikritið er gert eftir sögu skáldkonunnar Elizabeth Taylor. Aðalhlutverk eru í höndum Joanna McCallum og Trevor Eve.

Camilla er á leið í heimsókn til vinafólks í sveitinni þegar hún verður vitni að sjálfsmorði á járnbrautarstöðinni. Henni verður talsvert mikið um og á leiðinni tekst kunningsskapur með henni og ungum manni sem er á sömu leið og varð einnig vitni að atburðinum.

Þegar í sveitina kemur er vinafólk Camillu upptekið af eigin búksorgum og hefur lítinn tíma aflögu fyrir hana. Hún hittir því unga manninn oftar og oftar en kemst smátt og smátt að raun um að ekki er allt með felldu og ungi maðurinn geðþekki er ekki allur þar sem hann er séður. -Pá

### Rás 1 kl. 22.20:

# Eitt sinn skal hver deyja

„Skafl beygjattu skalli, þótt skúr á þig falli. Ást hafðir þú meyja, eitt sinn skal hver deyja.“ Þannig orti Þórir jökull þegar hann var leiddur undir öxina og hefur æ síðan þótt karlmannlega mælt.

Um þetta verður nánar fjallað í hinum fyrsta af fimm þáttum sem fjallar um Sturlungaöld. Í fyrsta þættinum er fjallað almennt um Sturlungaöld en hinir fjórir þættirnir fjalla um Örlygsstaðafund, Flóabardaga, Haukanessbardaga og Flugumýrarbrennu.

Þættirnir er byggðir upp þannig að í fyrri hluta hvers þáttar er aðdragandi atburða rifjaður upp og lesið upp úr Sturlungu. Í seinni hlutanum mæta síðan gestir til viðræðna. Umsjón hefur Jón Gauti Jónsson. Lesarar með honum eru Erna Indriðadóttir og Haukur Þorsteinsson.

-Pá



**Paul Clemens leikur ungling sem er grunaður um morð.**

### Stöð 2 kl. 23.25:

# Morð í Canaan

Sveitasælan er ekki alltaf sú sæla sem af er látið. Ung hjón ákveða að flytja úr borgarysnum í New York og fyrir valinu verður lítill bær, Canaan í Connecticut.

Hún er blaðamaður og hann hefur verið í verðbréfaviðskiptum en hyggst hætta því sýsli og snúa sér að ljósmyndun. Allt gengur vel framan af og flest bendir til þess að þarna finni þau sveitasæluna og friðinn sem þau leituðu að. En þá verður óhugnanlegur atburður til þess að raska ró þeirra. Bæjarbúar skiptast í tvær fylkingar og það hriktir í stoðum hjónabandsins.

Hér er um sjónvarpsmynd að ræða sem byggir að hluta til á sannsögulegum atburðum. Þetta var fyrsta sjónvarpsmynd leikstjórans Tony Richardson. TV-Guide segir myndina vera fyrir ofan meðallag. -Pá